

# Félagsfundur hestamannafélagsins Fáks

Haldinn þriðjudaginn 16. janúar 2018 í Guðmundarstofu

## 1. Hjörtur bauð fundargesti velkomna og setti fundinn

## 2. Kosning starfsmanna (fundarstjóri og fundarritari):

Hjörtur lagði til að Sigurbjörn Magnússon yrði fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða. Sigurbjörn tók þegar til starfa og lagði til að Heiðrún Sigurðardóttir yrði fundarritara og var það einnig samþykkt samhljóða og tók hún strax til starfa. Sigurbjörn hafði kynnt sér boðun fundarins og sagði hana í samræmi við samþykktir félagsins og að því sögðu lýsti hann fundinn lögmætan. Fundarmenn voru alls 36 talsins.

## 3. Kaup Fáks á Brekknaási 9

Hjörtur kynnti málefni fundarins sem var fyrirhuguð kaup Fáks á Brekknaási 9, fastanr. 205-3773 og landnr. 112469. Lög félagsins kveða svo á að ef félagið hyggst kaupa fasteign þarf samþykkt félagsmanna Fáks að liggja fyrir á löglegum félagsfundi. Hjörtur, fyrir hönd stjórnar Fáks, óskaði því eftir að félagsmenn gæfu stjórninni umboð til að ganga frá kaupum á Brekknaási 9.

Forsaga málsins er löng en hestamannafélagið Fákur, í samstarfi við Reykjavíkurborg, gerði tilboð í fasteignina og var komið með undirskrifað kautilboð af núverandi eiganda. Tilboðið hljómaði upp á 42 milljónir. Áhvíldandi lán á húsinu hljóduðu upp á 23 milljónir sem áætlað var að Fákur tæki yfir. Borgarráð Reykjavíkurborgar hafði áður samþykkt á borgarráðsfundi þann 11. janúar 2018 að leggja fram 19 milljónir til kaupanna. Í kjölfar fyrirhugaðra kaupna yrði húsnæðið auglýst til útleigu og þannig komið í veg fyrir að félagið bæri nokkurn kostnað af kaupunum. Lóð fasteignarinnar yrði afhent strax við undirritun kaupsamnings og fasteignin sjálf yrði afhent 5. maí nk.

## 4. Umræður um kaup á Brekknaási

- a. Haraldur Sigursteinsson spurði hvernig kaupupphæðin væri til komin. Hjörtur svaraði að fengnir hefðu verið tveir fasteignasalar til að leggja verðmat á fasteignina, og í samningaviðræður við núverandi eiganda náðist endanleg kaupupphæð. Haraldur spurði einnig hvert ástand fasteignarinnar væri, hvort það væri nothæft áfram. Hjörtur svaraði því játandi.
- b. Birgir Rafn Gunnarsson vakti máls á forsögu Brekknaáss þar sem starfræktur hafði verið dýraspítali áður en fasteignin varð hálfgerður þrándur í Götu félagsins. Helsti kostur fasteignarinnar væri lóðin sem hún stæði á og það væri mikið happaspor ef Fákur næði að eignast þetta. Hann hvatti fundarmenn til að standa við bakið á stjórn Fáks og veita þeim umboð til að ganga frá þessum kaupum.

Að loknum umræðum var gengið til atkvæða um kaup Fáks á Brekknaási 9 og voru kaupin samþykkt samhljóða.

Að því búnu þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir fundinn og sagði fundi slitið.